

Ritdómur

Dag í senn, eitt andartak í einu: Hugleiðingar fyrir hvern dag ársins
eftir Karl Sigurbjörnsson, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2019, 543 bls.

„Þessi bók geymir íhuganir á vegi trúarlífsins, og er handtak samferðamanns til stuðnings á þeim degi.“ Þannig segir í inngangsorðum til lesandans í hugvekjusafni Karls Sigurbjörnssonar biskups. Safnið ber heitið *Dag í senn, eitt andartak í einu* sem er sótt í kunnan sálm er Sigurbjörn Einarsson, faðir hans, hefur þýtt og notið hefur vinsælda og er mikið sunginn. Heitið er við hæfi þar sem hér er um að ræða 365 hugvekjur, eina fyrir hvern dag ársins, og titillinn minnir líka á að margt í hugvekjum og prédikunum Karls kallast á við boðskap og prédikanir Sigurbjörns föður hans, sem tvímælalaust var áhrifamesti prédikari tuttugustu aldar hér á landi.

Bókin er 543 bls. að lengd þannig að ljóst er að hver dagur fær að jafnaði um það bil eina og hálf blaðsíðu. Það er hæfileg lengd t.d. fyrir lestur rétt fyrir svefn. Karl kann þá list að ná til lesandans í stuttu máli. Setningar eru stuttar og hnitmiðaðar, innihaldsríkar og vel orðaðar, oft með ljóðrænum blæ, klifun eða hugsanarími. Karl er afar vel lesinn, jafnt í guðfræði sem og sígildum bókmenntum og fylgist vel með í umræðu samtímans. Hann er líka óhræddur við að krydda mál sitt persónulegum minningabrotum og vitnar í skáld og spakmæli úr sögu kristninnar. Það leynir sér ekki að hann er afar vel að sér í Ritningunum. Af gagnlegum viðauka í bókarlok, „Ritningartextar“, sést að hann grípur oft til Gamla testamentisins og leggur út af textum þess. Sérstaklega eru honum Davíðssálmur hugleiknir og samkvæmt skránni í bókarlok vitnar hann ekki sjaldnar en 144 sinnum í þá. Guðspjöllin fá þó eðlilega mesta umfjöllun en víða er komið við og má nefna að Síraksbók, ein hinna apókryfu bóka, verður tilefni til hugleiðinga í tvígang.

Sígildur boðskapur túlkaður inn í aðstæður á líðandi stundu

Með þessu riti fylgir Karl eftir prédikanasafni sínum *Í helgum steini* frá árinu 2018 sem mæltist mjög vel fyrir og fékk m.a. lofsamleg ummæli í ritdómi hér í *Ritröð Guðfræðistofnunar*.

Á tímum kófsins — eða faraldursins sem herjað hefur hér á landi á annað ár — hefur Karl sýnt að honum er einkar lagið að bregðast við nýjum aðstæðum. Hann hefur sent prédikanir og hugvekjur reglulega út — eða streymt þeim — oftast frá heimili sínu en í sumum tilfellum úr kirkju eða hann jafnvel verið úti í náttúrunni. Boðskapur þessi, sem Karl hefur einfaldlega tekið upp með síma sínum, hefur fengið mikla áheyrn og áhorf og notið mikilla vinsælda. Það sýnir að Karl finnur hjá sér hvöt til að miðla boðskapnum, þó að svo eigi að heita að hann hafi sest í helgan stein, og hann fær miklar undirtektir við þeim boðskap sem talar inn í aðstæður líðandi stundar. Það efni er þó ekki til umræðu hér heldur

áðurnefnt hugvekjusafn sem einkennist raunar af hinu sama. Sígildur boðskapur er fluttur og tjáður á þann hátt að nær til samtímans.

Í þessu læsilega riti skipar Karl efninu, hugleiðingunum, niður á daga ársins, einn af öðrum, byrjar 1. janúar og endar 31. desember. Augljóslega er í niðurskipan efnisins einnig tekið mið af kirkjuárinu. Þá er boðun einstakra daga helguð öðrum merkum dögum almanaksins, eins og kvennadeginum 19. júní. Þar minnir Karl á hvernig kristni barst til Evrópu: „Það fyrsta sem skráð er í kirkjusögu Evrópumanna er um konur sem biðja og konu sem tekur skírn og heimili hennar. Það er gott til þess að hugsa“ (bls. 252).

Á fyrsta degi ársins leggur hann út af Lúkasarguðspjalli þar sem segir frá því er frelsarinn hlaut nafnið Jesús (Lúk 2.21) og það fyrsta sem lesandinn fær að vita er að það merkir *Drottinn frelsar*. Um það segir hann að „á morgni nýja ársins erum við minnt á að björgunin, hjálpin, hefur borist, að lífið, eilífa lífið stendur til boða“ (bls. 10). Í bókarlok, í umfjöllun um 29. og 30. des., er aftur lagt út af öðrum kafla Lúkasarguðspjalls og má því segja að sá texti rammir inn bókina. Minnt er á aldrað fólk, Símeon og Önnu Samúelsdóttur. „Þau kölluðust hin kyrrlátu í landinu. Fólk sem lifði í voninni, kærleikanum og trúnni. Mér þykir vænt um slíkt fólk, ég hef kynnst því og þykir alltaf gott að vera í námunda við það ...“, skrifar Karl og bætir við: „Enn eru það þau kyrrlátu í landinu, sem bera uppi vitnisburð og tilbeiðslu kirkjunnar. Þau eru hin hógværðu, sem vænta huggunar Drottins, og láta vonina og kærleikann bera uppi bæn sína, umgengni, þjónustu við náungann“ (bls. 532–533).

Lokaorð bókarinnar eru í formi lofgjörðar, sótt í Sálmana: „Lofa þú Drottin, sála mín, og gleym eigi neinum velgjörðum hans“ (Slm 103.2).

Uppáhaldstexti

Ein hver kynni að spyrja hvort svo biblíufróður maður og mikilreyndur prédikari eigi sér uppáhaldstexta innan Biblíunnar. Og það vill svo til að Karl svarar þeirri spurningu. Textann þann er að finna í þeim hluta Jesajaritins (k. 40–55) sem í fræðunum er almennt talinn eiga rætur að rekja til spámanns sem starfað hafi meðal Júdamanna sem voru í útlegð í Babel, líklega nærri 550 f. Kr. Þar segir: „Óttast þú ekki því að ég frelsa þig, ég kalla þig með nafni, þú ert minn“ (Jes 43.1). Karl segir að hann „myndi velja þessi orð“ ef hann fengi ofanefnda spurningu. Sagt sé að hvatningin um „að óttast ekki“ komi þrjú hundruð sextíu og fimm sinnum fyrir í Biblíunni. „Frelsari er sá sem leysir fjöturinn. Kristur hefur leyst af mér það sem fjötrar mig. Köllun manns í lífinu er að færast Jesú Kristi nær, að elska hann meir, líkjast honum meir. Ég kalla þig með nafni, segir hann við þig, þú ert minn!“ (bls. 358). Það er til marks um dálæti Karls á þessum texta að hann fjallar um hann tvo daga í röð, 30. og 31. ágúst. Síðari daginn segir hann m.a.: „Með þessi uppörvandi og huggunarriku orð megum við ganga út í daginn og veginn, íhuga þau og það mun veita þér gleði og djörfung og kraft sem þú þarfnast“ (bls. 359).

Persónulegar minningar smalans

Eins og í prédikanasafni sínu *Í helgum steini* þá grípur sr. Karl á stundum til persónulegra minningabrota sem hann fellir vel að þeim biblíutexta sem unnið er með hverju sinni. Mér finnst fara vel á þessu. Þannig verður hinn kristni trúarboðskapur um leið persónulegur vitnisburður. A.m.k. í tvígang rifjar Karl upp reynslu sína af því að hafa, ungur drengur, verið í sveit á sumrin, eins og algengt var með borgarbörn á árum áður. Hugleiðingu út af

Jobsbók (39.26 og 42.1–5) þann 26. júní byrjar hann á þessum orðum: „Í sveitinni var mér falið það tignarembætti að reka og sækja kýrnar. Virðulegra embætti hef ég ekki hlotið um dagana og vandfundnir eru ánægjulegri samferðarnautar en kýr, þessar rólegu og tígulegu skepnur“ (bls. 263). Hann lýsir því síðan hvernig hann hafi í sveitinni lært samkennd og samliðan sem var ekki einskorðuð við mannskepnuna. Og hvílíkt undur það hafi verið að sjá lömbin fæðast og kálf koma í heiminn. Og hann, barnið, hafi hrifist með og leikið sér við dýrin. Aftur, 29. júní, gerir hann minningar úr sveitinni að umtalsefni: „Borgarstrákurinn lallar eftir kúnum, smáfaxinn stuttur til hnésins, stendur varla upp úr þýfinu.“ Og hann bætir við nokkru síðar: „Guð er svo nálægur í þessari kyrrð, talar svo skýrt í þögninni tæru“ (bls. 268). Undir þessum gefandi lestri kom mér í hug að tvær helstu trúarhetjur Gamla testamentisins, Móse og Davíð, höfðu báðir verið fjárhirðar er þeir gerðust hirðar eða leiðtogar þjóðar sinnar. Og Jesús sjálfur talaði um sig sem góða hirðinn (Jóh 10).

Guð eins og listamaður í sköpuninni

Það er útbreiddur misskilningur að Biblían fjalli aðeins um sköpunina á fyrstu blaðsíðum sínum. Sköpunarstefið kemur þvert á móti mjög víða fyrir og ekki síst í Davíðssálmum. Sköpunin fær mikla umfjöllun í hugleiðingum Karls Sigurbjörnssonar. Hún er á dagskrá samfellt dagana 12.–25. ágúst. Karli tekst vel að koma til skila ríkidæmi þess boðskapar. Hann bendir á að trúin á skaparann sé „rauður þráður í Biblíunni“ (bls. 347). Hann segir ennfremur að „af sköpunarsögum Biblíunnar sjáum við Guð sem er eins og listamaður sem gefur sig allan í listsköpun sína“ (bls. 331). Um hvíldardaginn segir hann að afhelgun hans sé „eitt einkenni samtíðar okkar og menningar, einkenni menningar þar sem græðgin nær undirtökunum“ (bls. 337). Hann minnir á að í upphafi Biblíunnar eru tvær sköpunarsögur. Frásögn fyrsta kaflans „er lofsöngur, ljóð sem leiðir til annarrar gerólíkrar sköpunarsögu, sem nú er sögð í formi ævintýrisins“ (bls. 338). Vitnað er í Churchill sem sagði að jörðin væri „örlát móðir“ sem muni „gefa af sér fæðu fyrir öll sín börn ef þau aðeins næra mold hennar með réttlæti og friði“ (bls. 341–342). Helgi og heilagleiki koma víða við sögu í boðun Karls, hvort heldur er í tengslum við sköpunina eða annars staðar og þar vísar hann oft til þeirrar reynslu sem hann á sameiginlega með svo mörgum öðrum: „Við þekkjum það öll að vera í návist þess sem heilagt er, á helgum stað eða stund. Ætli sú reynsla tengist annars ekki oftast barnsfæðingu, nýfæddu barni? (bls. 292).

Leitað í smiðju skálda

Það leynir sér ekki að Karl er vel lesinn í bókmenntasögu þjóðarinnar og kveðskapurinn, einkum hinn trúarlegi, er honum í blóð borinn. Víða vitnar hann til ýmissa af kunnnum skáldum þjóðarinnar og er afar fundvís á efni sem hæfir boðskap hans hverju sinni. Meðal skálda sem hann vitnar í eru Einar Benediktsson, Jónas Hallgrímsson, Hannes Pétursson, Helgi Hálfánarson, Ólöf frá Hlöðum, Sigurbjörn Einarsson og Valdimar Briem.

„Eitt orð fær dimmu í dagsljós breytt“ hefur Karl eftir Einari Benediktssyni (bls. 320).

Í hugleiðingu þar sem Karl leggur út af orðum fyrsta kafla Biblíunnar: „Þá sagði Guð: „Verði ljós.“ Og það varð ljós. Guð sá að ljósið var gott ...“ (1Mós 1.3–4) vísar Karl (bls. 266) í þekkt og fallett ljóð eftir skáldið séra Sigurð Einarsson í Holti:

Geturðu sofið um sumarnætur?
Senn kemur brosandí dagur. –
Hitnar þér ekki um hjartarætur,
hve heimur vor er fagur?
Finnurðu hvað það er broslegt að bogna
og barnslegt að hræðast,
er ljósmóðurhendur himins og jarðar
hjálpa lífinu að fæðast?
Er ekki gaman að eiga þess kost
að orka þar nokkru í haginn,
og mega svo rólegur kveðja að kvöldi,
með kærri þökk fyrir daginn.

Hugvekja Karls er eins og óður til ljóssins, sem gegnir svo stóru hlutverki í þessari læsilegu bók hans. „Það er ljósið sem gerir það að verkum að þú sérð. Þetta er tjáning trúar á ljósið sem hið frumlæga í tilveru okkar ... Myrkrið mun ekki sigra ... Og þetta vitum vér og megum trúa og treysta vegna Jesú, vegna Betlehem og Golgata og upprisunnar á páskadagsmorgni. Vegna hans, krossdauda hans og uppris, er láð og lögur honum signt og líf okkar ljósinu helgað, birtu og yl eilífðardagsins“ (bls. 267).

Niðurstaða

Í þessu fróðlega og uppbyggilega safni hugleiðinga er kjarni kristinnar trúar borinn fram í afar læsilegum og eftirminnilegum frásögnum og hugvekjum sem sannarlega vekja lesandann til umhugsunar, næra og miðla von á grundvelli trúarinnar. Þess er enginn kostur í bókindómi eins og þessum að gefa þótt ekki væri nema grófan útdrátt úr þeim mikla fjölbreytileika boðskaparins sem hér er borinn á borð en sannarlega er grunnþáttum hins kristna boðskapar öllum vel til skila haldið. Reynsla höfundar skín í gegn, allt frá bernskuárum og af löngu starfi á akri kristinnar, og ljær bókinni persónulegan blæ. Hennar má njóta hvort heldur er með daglegum lestri eins og hún er hugsuð eða lestri lengri kafla og bókarhluta, sem er ekki síður gefandi.

Það er ástæða til að nefna að bókin er fallega hönnuð af Brynjólfi Ólasyni. Ljósir litir, gulir tónar, ljósbláir og grænir, á bókarkápu kallast á við ítarlega umfjöllun um ljós Guðs, sem er eins og leiðarstef í bókinni sjálfri.

Bókin kemur því vel til skila að kristnin er ekki takmörkuð við helgihald í kirkjum landsins — eins mikilvægt og það er — heldur á hún ekki síður heima í önnum hversdagsins, í blíðu og stríðu, og margir geta tekið undir þá reynslu að hún sé ljós og andi sem leiði og blessi.

Sá er þessa umsögn ritar hefur notið bókarinnar ríkulegu, fræðst af henni, sótt í hana styrk og leiðsögn, og mælir með henni af heilum hug.